


Gervitunglafiskmerki og notkun þeirra

Gervitunglamerki sem notuð eru á fisk eru á ýmsan hátt sambærileg við gervitunglamerki sem notuð hafa verið á hvali og fleiri sjávarspendýr sem dvelja reglubundið í yfirborði sjávar. Gögnin frá gervitunglafiskmerkjunum skila sér hinsvegar á þann hátt að merkin losa sig frá fiskunum á fyrirfram ákveðnum tíma og fljóta upp í yfirborð þar sem þau geta fyrst náð sambandi við gervitungl. Þetta er gerlegt þar sem fiskarnir draga merkin, þ.e.a.s. taumur tengir festingarlið merkis við festingu í baki fisksins og á tilteknum tíma losar festingarliðurinn sig frá taumnum.



□ □

Myndin sýnir gervitunglamerki.

Það samanstendur af flothylki merkisins sem inniheldur rafeinda-búnaðinn og loftneti sem stendur upp úr því og nýtist við gagnasendingar í yfirborði eftir að merkið hefur losnað frá fiskinum. Niður af merkinu gengur festingarliðurinn sem rofnar á fyrirfram ákveðnum tíma eða við skilgreindar aðstæður.

Merkin mæla hegðun fiskanna og þætti í umhverfi þeirra

Flestar gerðir gervitunglamerkjanna eru einnig búnar virkni mælimerkja, þ.e.a.s. að mæla og skrá á fyrirfram ákveðnum tímafresti í minni sitt gögn yfir þá mæliþætti sem við sögu koma, sem eru fiskdýpið (þrýstingurinn), sjávarhiti og gjarnan einnig ljósmagn og/eða jarðsegulsvið. Erlent heiti merkjanna, (pop-up satellite archival tags = PSATs), dregur nafn sitt af helstu eiginleikum þeirra en hér verður talað um þau sem gervitunglamerki enda þótt nafngiftin gervitunglafiskmerki sé einnig kynnt til sögunnar og notað. Gervitunglafiskmerki er heiti sem vissulega nær betur yfir notkunareiginleika þeirra merkja sem grundvalla notkun sína á losunarbúnaði og flothæfni sem skilar þeim upp í yfirborð. Notkun þess heitis er þó óþörf nema þegar í senn er verið að ræða merki þeirrar gerðar og hefðbundin gervitunglamerki sem ekki þurfa sjálf að hafa fyrir því að koma sér í yfirborð sjávar.

